

Glertrygging

Upplýsingaskjal um vátryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 207 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Glertrygging er fyrir rúðugler sem komið hefur verið fyrir á endanlegan stað.



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Brots á rúðum í gluggum.
- ✓ Kostnaðar vegna óhákvæmilegrar uppsetningar bráðabirgðahlera.
- ✓ Tjóns á skiltum og ljósabúnaði úr gleri og plasti sem hafa verið tryggð sérstaklega.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- ✗ Tjóns sem verður vegna þenslu, vindings eða ófullkomins viðhalds ramma og lista.
- ✗ Tjóns þegar flísast úr gleri eða það rispast.
- ✗ Tjóns vegna óþéttra samskeyta á tvö- eða þrefoldu gleri.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón á gleri sem er litað, skreytt, sérlípað, bogið, sandblásið og þess háttar eða aukakostnað vegna álíminga á gler nema það hafi verið tryggt sérstaklega.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á þeim stað sem er tilgreindur í vátryggingarskírteini.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarf að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarf að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarf að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með eftirfarandi hætti:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.